

Dags. 12. mars 2009

Stjórnvaldssekt vegna brots á 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 4. desember 2008 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Hf. Eimskipafélag Íslands vegna brots á 1. mgr. 122. gr. laga nr. 107/2008 um verðbréfavíðskipti (vvl). Samkvæmt tilmælum Fjármálaeftirlitsins birti félagið þann 5. desember sl. tilkynningu vegna stjórnvaldssektarinnar í Kauphöll Íslands auk þess sem tilkynningin var birt á heimasíðu félagsins sama dag.

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Hf. Eimskipafélag Íslands (Eimskip) hefði brotið gegn 122. gr. vvl. með því að birta ekki þegar í stað upplýsingar um slæma fjárhagsstöðu dótturfélags síns, Innovate Holdings Ltd. (Innovate). 1. mgr. 122. gr. vvl. kveður á um að útgefanda fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til víðskipta á skipulegum fjármáلامarkaði, beri að tilkynna þegar í stað allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar. Samkvæmt 120. gr. vvl. er með innherjaupplýsingum átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru.

Málsatvik eru þau að þann 10. júní 2008 kl. 15:27 birtist í fjölmiðlum frétt um mögulega afskrift Eimskips á milljörðum króna vegna kaupa þess á breska fyrirtækinu Innovate sem var eitt stærsta fyrirtæki Bretlands á sviði hitastýrðra flutninga. Þann 11. júní 2008 kl. 9 birti Eimskip tilkynningu vegna þessa þar sem fram kom að félagið hefði afskrifað að fullu eignarhlut sinn í Innovate að verðmæti 74,1 milljónir evra (um 9 milljarðar króna), að eiginfjárstaða Eimskips myndi veikjast við þá afskrift og að slíkt muni enn frekar hafa talsverð fjárhagsleg áhrif á félagið. Við opnun markaðar þennan dag byrjuðu hlutabréf félagsins að lækka hratt og höfðu lækkað um 12,72% við lokun markaðar sama dag, þ.e. úr 20,05 við lok 10. júní í 17,5 við lok 11. júní. Frá lokun markaðar þann 10. júní til opunar markaða 13. júní lækkuðu bréf félagsins um u.þ.b. 28% og voru komin í 14,4.

Afskriftir Eimskips vegna Innovate stöfuðu af versnandi stöðu félagsins miðað við þær áætlanir sem gerðar höfðu verið á árinu 2007 en Eimskip hafði keypt félagið í tveimur víðskiptum; 55% í mars 2006 og 45% í maí 2007. Andvirði kaupanna var um 4 milljarðar og var kaupverðið greitt með útgáfu nýs hlutafjár í Eimskip.

Afleiðingar versnandi stöðu Innovate urðu þær að þann 11. júní afskrifaði Eimskip allan eignarhlut sinn í Innovate á 2. ársfjórðungi en bókfært virði hans var 74,1 milljónir evra (um 9 milljarðar króna). Afskrift Innovate var því um 70% af 100 milljóna evra tapi Eimskips á 2. ársfjórðungi. Áhrif afskriftanna á tekjuáætlun Eimskips fyrir 2008 voru 300 milljónir evra eða um 24 milljarðar ísl. kr.

Í samskiptum Fjármálaeftirlitsins við Eimskip vegna málsins hélt félagið því fram að það hefði nýtt sér heimildarákvæði 3. mgr. 122. gr. vvl. um frestun birtingu innherjaupplýsinga og að slíkt hefði verið gert í bryjun maí 2008. Eftir rannsókn Fjármálaeftirlitsins á málinu taldi það hins vegar að ýmis gögn í málinu sýndu fram á vitneskju stjórnenda Eimskips um verulega breytta og slæma fjárhagsstöðu Innovate um miðjan febrúar 2008. Ekki hafi því verið hægt að fallast á framangreind sjónarmið félagsins.

Við mat Fjármálaeftirlitsins á því hvort skilyrðum skv. 3. mgr. 122. gr. vvl. sé talið fullnægt er litið til ýmissa samverkandi þátta auk þess sem hafa verður í huga að ákvæðið er undanþáguheimild sem ber þ.a.l. að túlka þröngt. Þess skal einnig getið að í ákvæðinu kemur fram að frestunin sé á eigin ábyrgð útgefandas og ber hann því sönnunarbyrðina fyrir því að skilyrðum heimildarinnar sé fullnægt. Fyrst og fremst verður öllum skilyrðum ákvæðisins að vera fullnægt, þ.e. frestunin má ekki vera líkleg til að villa um fyrir almenningi auk þess sem útgefandi verður að geta tryggt trúnað um upplýsingarnar. Er því litið til eðlis þeirra upplýsinga sem um ræðir og þær aðstæður sem ríkja hjá viðkomandi félagi á þessum tímapunkti. Einnig verður að líta til þess að frestun samkvæmt ákvæðinu getur ekki talist eiga við um langt tímabil en einungis verður að telja að um sé að ræða nokkurra daga frestun en ekki t.d. marga mánuði, enda verður að telja að eftir því sem markaðurinn er leyndur upplýsingum í lengri tíma þá aukist líkurnar á því að frestunin verði líkleg til að villa um fyrir almenningi.

Með hliðsjón af alvarleika brotsins, málsatvikum, þeim gögnum sem fyrir lágu í málinu, þeim langa tíma sem brotið var talið standa yfir, umfangi viðskipta á því tímabili sem brotið var talið standa yfir og þeim áhrifum sem birting upplýsinganna hafði á markaðinn þótti hæfilegt að gera Eimskipi að greiða kr. 20.000.000,- í stjórnvaldssekt.